**Sþ.** **501. Fyrirspurn** [316. mál]

til fjármálaráðherra um útflutningsbætur og niðurgreiðslur árið 1984.

Frá Sighvati Björgvinssyni og Eyjólfi Konráði Jónssyni.

1. a. Hvernig var útflutningsbótum ríkissjóðs ráðstafað?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur greiðslna?
   e. Hvaða kostnaðarliðir við sölu, geymslu, flutning, umboðslaun, vinnslu og framleiðslu landbúnaðarafurða voru greiddir af útflutningsbótum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagreinar fyrir ráðstöfun útflutningsbóta og hvernig var eftirliti ríkisins með greiðslum háttað?
2. a. Hvernig var ráðstafað niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum úr ríkissjóði árið 1984?
   b. Hvaða gagna var krafist áður en greiðslur fóru fram?
   c. Hvernig voru greiðslur inntar af hendi?
   d. Hverjir voru viðtakendur?
   e. Hvernig var niðurgreiðslum ráðstafað til greiðslu á kostnaðarliðum við framleiðslu, sölu, vinnslu og geymslu á landbúnaðarafurðum og í hvaða röð?
   f. Hvaða kröfur voru gerðar til viðtakenda um skilagrein fyrir ráðstöfun niðurgreiðslna og hvernig var eftirliti ríkisins háttað?